

AUGLÝSING
(XIII) um staðfestingu reglna sveitarfélaga
um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 557, 25. júní 2009 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2008/2009 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

Sveitarfélagið Skagafjörður.

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2008/2009 fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð með eftirfarandi viðauka/breytingum:

Hofsós:

- a) 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.
- b) Byggðakvóta sem úthlutað var á Sveitarfélagið Skagafjörð, 19 þorskígildistonnum, skal úthluta til fiskiskipa á Hofsósi, auk þeirra 24 þorskígildistonna sem var sérúthlutað á Hofsós.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 30. mars 2010.

F. h. r.
Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Hinrik Greipsson.